



22. október 2024

FYRIRTÆKI Í MANNVIRKJAIÐNAÐI VILJA HAFA JÁKVÆÐ UMHVERFISÁHRIF

68% stjórnenda fyrirtækja í mannvirkjaiðnaði segja að fyrirtæki þeirra hafi haft frumkvæði að breytingum í rekstrinum eða umhverfi mannvirkjaiðnaðar sem hafi jákvæð umhverfisáhrif. Þetta kemur fram í könnun sem Outcome framkvæmdi fyrir Samtök iðnaðarins. Ekki nema 24% stjórnenda segja að fyrirtæki þeirra hafi ekki haft frumkvæði að slíkum breytingum. Könnunin var send á stjórnendur fyrirtækja sem koma að mannvirkjaiðnaði, þ.e. vegna hönnunar og rágjafar, jarðvinnuverktöku, byggingarstarfsemi o.fl.

Þegar spurt var hvort einhverjar hindranir hafi staðið í vegi fyrir því að fyrirtæki hefðu frumkvæði að aðgerðum sem hafa jákvæð umhverfisáhrif mátti merkja nokkurn samhljóm um að skortur væri á 1) fjárhagslegslegum hvötum til að gera slíkar breytingar, 2) langtímasýn og samræmingu verkkaupa og stjórnvalda hvað varðar umhverfiskröfur.


Það er mat Samtaka iðnaðarins að niðurstöðurnar gefi vísbendingar um að mannvirkjaiðnaðurinn kalli eftir fyrirsjáanleika og benda samtökin einnig á að samræming umhverfisskilmála í opinberum útboðum séu forsenda þess að markaðurinn geti sett fram áreiðanlegar áætlanir og byggt upp þekkingu starfsfólks með vissu um að hún muni nýtast til lengri tíma.

Í könnuninni kemur fram að 79% stjórnenda fyrirtækja í mannvirkjaiðnaði segjast finna fyrir auknum kostnaði vegna áherslna á umhverfismál. 21% segjast ekki finna fyrir aukningu í slíkum kostnaði.


Stjórnendur fyrirtækjanna voru beðnir um að gefa dæmi um aukinn kostnað. Greina má tvo lykilsamnefnara í svörunum. Sá fyrri er aukinn kostnaður vegna flokkunar og losunar/förgunar á jarðvegi og úrgangi en Sorpa hefur t.a.m. hækkað gjaldskrá sína verulega á undanförunum árum. Sem dæmi má nefna að frá 1. júlí 2021 hefur gjald Sorpu fyrir förgun á gleri og steinefnum verið hækkað 6 sinnum eða sem nemur 567% hækkun á 3,5 ári. Í annan stað var svarendum tíðrætt um kaup á nýjum vinnuvélum og tækjum, ýmist rafmagnstækjum eða nýrri tækjum sem losa minna, sem stafar m.a. af kröfum opinberra verkkaupa í útboðum verklegra framkvæmda.

Samtök iðnaðarins telja að fyrirtæki í mannvirkjaiðnaði hafi sýnt í verki vilja til að fjárfesta í og nýta

Hefur þitt fyrirtæki haft frumkvæði að breytingum í rekstrinum eða umhverfi byggingar- og mannvirkjaiðnaðar sem hafa jákvæð umhverfisáhrif?



Finnur þitt fyrirtæki fyrir auknum kostnaði vegna áherslna á umhverfismál, s.s. kostnaður við að losa úrgang, aðgengi að innviðum á framkvæmdasvæði og þess háttar?



vinnuvélar og bifreiðar sem losa minna eða ekkert, með tilheyrandi kostnaðarauka. Hins vegar er lítið framboð af hreinorkuvinnuvélum en þær sem til eru eru tvöfalt til þrefalt dýrari í innkaupum auk þess sem afkastageta þeirra er minni. Þá er ekki hægt að ganga að því vísu að innviðir séu til staðar á framkvæmdasvæðum til að hlaða rafmagnstæki, líkt og svarendur benda á í könnuninni.

Könnunin var framkvæmd í september 2024 meðal stjórnenda fyrirtækja í mannvirkjaiðnaði innan SI. Svarhlutfallið var 22%.